

Reglugerð um íþróttamanneskju Borgarfjarðar

Í grein 6.3. í samstarfsamningi UMSB og Borgarbyggðar er kveðið á um að UMSB sjái um sameiginlegt kjör á íþróttamanni Borgarfjarðar. Reglugerð þessi gildir um kjörið og er gerð í samræmi við ákvæði í samningnum.

1. grein

Sambandsstjóri UMSB ber ábyrgð á kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar.

2. grein

Sem fyrst eftir áramót skal kjósa íþróttamanneskju Borgarfjarðar. Kjörgengi hefur allt íþróttafólk sem náð hefur 16 ára aldri og hefur stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili á sambandssvæði UMSB á því ári sem kjörið nær til.

3. grein

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir 6. janúar ár hvert að tilnefna 1 einstakling eða þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að 3 einstaklinga til viðbótar við þá er aðildafélög og deildir tilnefna bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. Valnefnd sem skipuð er skv. 4. gr. þessara laga velur tíu einstaklinga sem hafa náð hafa bestum árangri á árinu sem kjörið nær til og skulu þær tilnefningar ásamt greinargerðum sendar rafrænt til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

4. grein

Þau sem hafa atkvæðarétt í kjörinu eru:

- a. Stjórnarfolk í UMSB hefur eitt atkvæði hvert, stjórnir aðildarfélaga og stjórnir deilda þeirra eitt atkvæði hver stjórn.
- b. Sérstök fimm manna valnefnd sem skipuð er með eftirfarandi hætti, einn tilnefndur á sambandsþingi UMSB, einn tilnefndur af Borgarbyggð, einn af stjórn UMSB, einn tilefndur af Skorradal og einn tilnefndur af Hvalfjarðarsveit. Fulltrúar UMSB skulu ekki eiga sæti í stjórn sambandsins.

Atkvæði greidd samkvæmt lið a gilda 40 % á móti atkvæðum greiddum samkvæmt lið b.

5. grein

Atkvæði greiðast þannig að sá einstaklingur sem lendir í fyrsta sæti fær 10 stig, sá sem lendir í öðru sæti fær 9 stig, sá sem lendir í þriðja sæti fær 8 stig og svo framvegis. Sú íþróttamanneskja sem fær flest atkvæði samanlagt samkvæmt lið a) hlýtur 10 stig, sá sem fær næstflest fær 9 stig o.s.frv. Sú íþróttamanneskja sem valin er í fyrsta sæti samkvæmt lið b) hlýtur 10 stig, næsta hlýtur 9 stig o.s.frv.

Leggja skal saman stigafjölda íþróttafólks samkvæmt lið a) og b) og sú íþróttamanneskja sem fær flest atkvæði fær samanlagt skal útnefnast Íþróttamanneskja Borgarfjarðar. Standi tveir einstaklingar uppi með jafn mörg atkvæði skal val samkvæmt lið a) ráða úrslitum. Sú íþróttamanneskja sem fær flest stig fær samkvæmt þessari aðferð hlýtur sæmdarheitið “Íþróttamanneskja Borgarfjarðar”.

6. grein

Íþróttamanneskju Borgarfjarðar fær afhentan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Letra skal á bikarinn nafn þess sem hann hlýtur og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og skal eftir það geymdur í bikarasafni UMSB. Auk farandbikarsins skal Íþróttamaður Borgarfjarðar fá afhentan verðlaunagrip til eignar og skal letra á hann nafn þess sem hann hlýtur og ártal.

7. grein

Þrjú efstu sætin í kjöri íþróttamanneskju Borgarfjarðar fá afhenta gripi til eignar til minningar um kjör sitt. Í áletrun skal koma fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Önnur sem tilnefnd eru skulu fá sérstaka viðurkenningu því til staðfestingar. Þegar kjöri íþróttamanneskju Borgarfjarðar er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda þriggja stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni í stafrófsröð en án stigafjölda.

8. grein

Viðurkenningarnar skulu afhentar í janúar ár hvert í samvinnu UMSB og þeirra sveitarfélaga sem að kjörinu standa.

Reglugerð þessi var samþykkt á sambandsþingi UMSB 13. mars 2024 á Hvanneyri